

AUGLÝSING**um skipulag í Eyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.**

Eftir beiðni hreppsnefndar Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu og tillögu skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. laga nr. 19/1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli framvegis taka til landsvæðisins frá Seljalandsósi að Hafrafellsmúla, í Eyrarhreppi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

29. janúar 1965.

Nr. 15.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt fyrir Veidifélag Sæmundarár, nr. 135 16. júlí 1951.

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Víkinni og útrennsli hennar til Héraðsvatna, Miklavatni og Sæmundará að Gýjarfossi. En þær eru: Sjávarborg ásamt hjáleigunni Borgargerði og hinu selda landi til Sauðárkróks, Messuholt, Kimbastaðir, Lyngholt, Lindarbær, Gil, Birkihlíð, Útvík, Glæsibær, Vík, Ögmundarstaðir, Hafsteinsstaðir, Gýgjarhóll, Reynistaður með hjál. Geitagerði og Mel, Geirmundarstaðir, Dúkur, Varmaland, Hóll, Hjallaland, Bessastaðir, Fosshóll, Sólheimar, Auðnir, Dæli, Skarðsá, Fjall, Stóra-Vatnsskarð 1.—2., Brekka, Íbishóll, Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Elivogar, Þröm, Litla-Gröf, Stóra-Gröf syðri, Stóra-Gröf ytri, Holtsmúli, Ármúli og Grænhóll.

Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, sem að ofan greinir.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. janúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.